



Spáum óbreyttum stýrivöxtum meðan beðið er eftir stefnu nýrrar ríkisstjórnar

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands mun taka ákvörðun um stýrivexti í næstu viku. Niðurstaða fundarhaldanna verður tilkynnt miðvikudaginn 15. maí. Hagfræðideild Landsbankans væntir þess að stýrivöxtum verði haldið óbreyttum að þessu sinni og að þar ráði mestu óvissan um myndun nýrrar ríkisstjórnar og hvað hún ætli sér í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu.

Góð rök má færa fyrir lækkun vaxta


Eins og oft áður togast á rök fyrir bæði hækkun og lækkun vaxta. Það sem helst styður vaxtalækkun er að verðbólgan hefur hjaðnað töluvert á síðustu mánuðum og mælist nú 3,3%, sem er vel innan efri vikmarka verðbólguþröngsins. Lægri verðbólga en óbreyttir vextir þýðir að öðru óbreyttu að raunstýrivextir hafa hækkað og aðhald peningastefnunnar því aukist á þann mælikvarða. Síðustu yfirlýsingar Peningastefnunefndarinnar hafa jafnan endað á því að þetta aðhald verði aukið eftir því sem efnahagsbatanum vindur fram. Spurningin sé einungis hvort það gerist með hærri nafnstýrivöxtum eða lægri verðbólgu.

Gengi krónunnar hefur styrkst verulega frá áramótum sem boðar gott fyrir þróun verðbólgunnar á komandi mánuðum, þ.e.a.s. ef styrkingin gengur ekki jafnhart aftur.

Eins eru ýmis teikn á lofti um að hægt hafi á hjólum efnahagslífsins undanfarið og heimilin haldi að sér höndum í neyslu, t.a.m. ef marka má þróun greiðslukortaveltunnar. Samhliða vaxtaákvörðuninni birtir Seðlabankinn Peningamál 2013/2 með nýrri þjóðhagsspá. Ef Seðlabankinn fylgir fordæmi annarra opinberra spáaðila og lækkar hagvaxtarspá sína kann það að kalla á að aukinn stuðning peningastefnunnar við efnahagsbatann í formi vaxtalækkunar.


Eins má vel rökstyðja vaxtahækkun

Þrátt fyrir lækkun 12 mánaða verðbólgu undanfarna mánuði er undirliggjandi verðbólguþrýstingur, eins



Heimild: Seðlabanki Íslands

12 mánaða breyting verðlagsvísitalna



Heimild: Hagstofa Íslands




og hann mælist með kjarnavísitölum Hagstofunnar, enn umtalsverður.

Það sem veldur þó ef til vill meiri áhyggjum er óvissa um stefnuna í ríkisfjármálum á nýju kjörtímabili. Þeir flokkar sem nú ræða saman um myndun ríkisstjórnar höfðu báðir uppi loforð sem að öðru óbreyttu gætu falið í sér töluverða tilslökun í ríkisfjármálum með tilheyrandi verðbólguhvetjandi áhrifum. Verði fullar efndir á þeim loforðum sem snúa að skattalækkunum, skuldaniðurfellingum og kjaraleiðréttingum, er ljóst að sjálfstæð peningastefnunefnd yrði að bregðast hart við með auknu aðhaldi í peningastefnunni.

Í ljósi þess að nefndin kemur aftur saman í júní verður að teljast verulega líklegt að hún ákveði að bíða og sjá stefnu nýrrar ríkisstjórnar áður en gripið verður til hugsanlegra mótvægisáðgerða.

Undirliðir verðbólgu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.